

## 1137. stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 26. október 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð.

**Mætt voru:** Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri, Elías G. Magnússon sviðsstjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1136. fundar var lögð fram til samþykktar.

Bjarni Þór lagði fram fundargerð 1136. fundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Kynnt drög að rammasamningi milli aðila vinnumarkaðarins

Bjarni Þór sagði frá því að því miður væri Ólafía Björk veikindaforfölluð heima í dag en kallað hafi verið til þessa fundar með svo skömmum fyrirvara því efnið væri brýnt og ekki væri áætlað að funda lengur en um eina klukkustund og aðeins um þetta eina efni.

Einnig lagði hann áherslu á að málið væri á þessu stigi algjört trúnaðarmál og myndi ekki gert opinbert fyrr en í fyrsta lagi annað kvöld.

Þá tók til máls gestur fundarins, Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ og fór hann yfir málið. Sagði hann m.a. frá því að unnið hafi verið að því að stilla upp nýju samningalíkani og líka nýjum vinnubrögðum við ferlið um nokkurn tíma og að þetta sé mjög flókið verkefni.

Gylfi setti þá upp glærur á skjá sem báru titilinn; „*Betri vinnubrögð – aukinn ávinningur*“ og fór yfir efni þeirra en tók fram að um trúnaðarmál væri að ræða. Kom m.a. fram að þessu sé stillt þannig upp að það standi að þessu 90% launamanna en þó séu enn ókomin svör frá KÍ og BHM en þau samtök láti vita á morgun en standi þau utan þessa rammasamnings þá standi um 67% launamanna að baki.

Um er að ræða nýtt íslenskt samningalíkan til framtíðar þar sem jöfnuð sé launaþróun opinbers og almenns vinnumarkaðar fram til ársins 2018. Þetta verður byggt upp með stofnun sérstaks þjóðhagsráðs þar sem eigi aðkomu vinnumarkaðurinn, stjórnvöld og Seðlabanki. Felur í sér stjórnun lykilstofnana vinnumarkaðar.

Með þessu er stefnt að sátt um; aukið samstarf; aukinn efnahagslegan stöðugleika; lága verðbólgu; stöðugt gengi og lægri vexti.

Fór Gylfi næst yfir tölur um hækkun atvinnutekna á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin á árabílinu 2000 – 2014 og kom fram að þær hafi aukist um 6,2% á Íslandi en 3,5% á Norðurlöndum en á sama tíma hafi kaupmáttur á Íslandi aðeins hækkað um 0,8% á móti 1,7% á Norðurlöndum. Vextir á Íslandi hafi verið 9,3% á móti 3,0% en þensla í hagkerfi birtist einmitt líka á vinnumarkaðinum.

Nýtt líkan er þannig að svigrúm til launabreytinga er skilgreint út frá samkeppnisstöðu okkar gagnvart helstu viðskiptalöndunum og kjarasamningar auki kaupmátt launafólks á grundvelli stöðugs gengis. Síðan séu það fyrirtækin í útflutningi eða samkeppni við innflutning sem móti svigrúm til launahækkana. Þetta kallar líka á samvinnu þar sem efnahagsstefna stjórnvalda og Seðlabankans þarf að spila með.

Í þessari samningalotu um nýja líkanið reyndist erfiðast að ná aðilum saman um viðmið en það endaði í því að sammælst var um vísitöluna 132 árið 2018 miðað við vísitöluna 100 árið 2013 en auk þess þurfti að semja um lífeyrismálin. Það var samkomulag að fara ekki hærra með viðmiðið en í 132 til þess að auka ekki gengisáhættu.

Þetta samkomulag þýðir að SA þarf að semja við okkur um hækkun á núverandi kjarasamningi. Þegar sá samningur liggur fyrir þarf að afgreiða hann á hefðbundinn hátt. Krafan um jöfnun lífeyrisréttinda stendur óbreytt frá okkur og er reiknað með að kostnaður við það sé innan þessa líkans.

Umræður.

Fundi var slitið kl. 19:06  
Árni Leósson, fundarritari